

Þriðji fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 16. febrúar 2017 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Harpa Jónsdóttir, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf frá Gísla Guðmundssyni þar sem hann biður um ótímabundið leyfi frá störfum í sveitarstjórn af persónulegum ástæðum. **Samþykkt að veita honum leyfið.**
2. Endurskoðun á aðalskipulagi Eyja og Miklaholtshrepps. Bréf frá Skipulagsstofnun. **Skipulagsstofnun samþykkir að greiða helming áætlaðs kostnaðar sem er 4,27 milj.**
3. Samningur við Alta. **Lagður fram samningur við Alta um endurskoðun aðalskipulags. Samþykktur samhljóða og ákveðið að fara í endurskoðun á aðalskipulaginu.**
4. Drög að verkefni og matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Eyja og Miklaholtshrepps, unnið af Alta. **Samþykkt samhljóða, til umsagnar.**
5. Drög að samning við Skólastofuna slf – rannsóknir – ráðgjöf vegna ráðningar á skólastjóra. **Samþykkt samhljóða.**
6. Drög að reglum vegna rotþróa. **Samþykkt samhljóða.**
7. Drög að reglum vegna brunavarnamála. **Samþykkt samhljóða.**
8. Brunaslöngur og fl. Tilboð frá Eldvarnarmiðstöðinni. **Samþykkt og oddvita falið að halda áfram með verkefnið og kynna fyrir íbúum.**
9. Útboð á skólaakstri. **Samþykkt samhljóða að fara í útboð á skólaakstri.**
10. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfi frá Félagsbúinu Miðhrauni II vegna reksturs gististaðar í flokki tvö að Lynghaga. **Engar athugasemdir að hálfu hreppsnefndar.**
11. Beiðni um umsögn frá Félagsbúinu Miðhrauni II vegna rekstrareleyfi gististaðar í flokki II, sem á að reka í fjórum húseignum að Miðhrauni II. **Engar athugasemdir að hálfu hreppsnefnda.**
12. Íbúaskrá 1. Desember 2016 lögð fram. **Íbúar 124 þar af 31 erlendir ríkisborgarar.**

Mál í vinnslu:

13. Skipulags og byggingarmál. **Samþykkt drög að samning við Ragnar Mát Ragnarsson og oddvita falið að klára málið.**

Lagt fram til kynningar:

14. 141. Fundur fundagerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands.
15. Opinber útgáfa fundargerðar 165. Fundar félagsmálanefndar

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson 8 sign)
Halldór Jónsson (sign)
Harpa Jónsdóttir (sign)
Eggert Kjartansson (sign)

